

Birting einkunna og prófsýning



barna sinna. Nemendur sem eru orðnir 18 ára geta opnað fyrir foreldraaðgang hjá sér.

Prófsýning fer fram föstudaginn 18. desember milli 11.00 og 12.30. Nemendur sem falla í allt að þremur áföngum eru sjálfkrafa skráðir í endurtektarprófin í janúar og fá þeir prófúrlausnir í þeim áfanga senda í tölvupósti.

Fall í áfanga

Því miður gerist það á hverju ári að nemendur ná ekki þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar í áföngum og þá er mikilvægt að þeir og foreldrar þeirra kynni sér vel hvaða reglur eiga við þegar nemandi fellur í áfanga. Í meginatriðum gerist eftirfarandi:

Nemendur sem falla á haustönn (desember) verða að endurtaka áfangann og verða próf haldin í janúar. (Nemendur geta ráðið því hvort þeir taka janúarprófin eða ekki. Hins vegar er hér "tækifæri" númer 2 hjá nemendum hvort sem þeir taka prófið eða ekki). Þeir sem falla aftur geta þá tekið áfangann í þriðja sinn í fjarnámi VÍ og verða próf haldin í maí.

Listó – Herra Kobert

Allra síðusta sýning á leikritinu Herra Kolbert verður mánudaginn 21. desember klukkan 20:00. Sýningin hefur fengið mjög góða dóma meðal nemenda og starfsmanna. Foreldrar og forráðamenn hafa einnig notið sýningarinnar og orðið vitni



að öflugu starfi nemenda. Sýningin er um einn og hálfur og tími og ekkert hlé er á sýningunni. Boðið verður upp á piparkökur og kakó. Miða má nálgast [hér](#).

Jólaleyfi og ný önn

Skólanum verður lokað 18. desember klukkan 16.00 og hann opnaður aftur mánudaginn 4. janúar klukkan 8.00. Skrifstofan verður opin frá klukkan 10.00 vegna fundahalda.

Fyrsta skóladað, mánudaginn 4. janúar, mæta nemendur í sínar heimastofur klukkan 10.15. Þar munu nemendur hitta kennara sína sem fara yfir skipulag náms á önninni og markmið hvers áfanga. Bóksalan verður opin þennan dag og þar verða til sölu hefti og verkefnabækur sem ekki eru seldar annars staðar.



Nýársball

Ekkert jólaball var haldið í ár en nemendafélagið stefnir að því að halda nýársball snemma í byrjun árs 2016. Engin dagsetning hefur verið ákveðin.

